

**Nr. 034 / 13 Valdimar GK 195*****Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2354  
Smíðaður: Noregi 1982 stál  
Stærð: 344,3 brl. 569 bt.  
Mesta lengd: 41,3 m Skráð lengd: 38 m  
Breidd: 8,5 m Dýpt: 6,55 m  
Vél: Callesen 508 kW, 1981  
Fjöldi skipverja: 15



Valdimar© Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Slysaskýrsla frá skipi  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 28. maí 2012 var Valdimar GK 195 á línuveiðum í SV miðum. Veður: V 4 m/s. og ölduhæð 0,54 m.

Skipverji var í dráttarrými að taka endafæri. Þegar endi línunnar var dreginn inn í línuganginn húkkaðist krókur í litlafingur hans með þeim afleiðingum að hann fékk skurðsár. Hann varð óvinnufær um tíma.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sögn slasaða var hann byrjaður að draga endafærið áður en búið var að leysa í sundur sértann frá línunni eins og vinnulag gerir ráð fyrir;
- að þegar búið var að losa í sundur var línan dregin inn í línuganginn í gegnum rör sem er í sömu hæð og dráttarskífa og afdragari línuvindunnar. Þá voru tveir taumar með önglum á línuendanum eftir út við vinduna. Þegar þeir drógust inn í rörið sveifluðust taumarnir til og lenti annar krókurinn í hendi skipverjans;
- að eftir slysið var komið á þeirri vinnureglu að skera frá þá tauma sem eru eftir utan rörsins þegar verið er að leysa í sundur.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.